

Vesturbyggð
Aðalstræti 75
450 Patreksfirði
sent á netfang; vesturbyggd@vesturbyggd.is

Ísafirði, 9. janúar 2025

Beiðni til aðildarsveitarfélaga Fjórðungssambands Vestfirðinga um tilnefningu fulltrúa og varamann í Úrgangsráð Vestfjarða.

Nú hafa öll sveitarfélög á Vestfjörðum samþykkt Svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs á Vestfjörðum, og hún því tekið gildi. Fyrsta aðgerð í aðgerðaáætlun hennar er að stofna Úrgangsráð Vestfjarða:

„Stofnun sameiginlegs fasts vinnuhóps um úrgang („Úrgangsráð Vestfjarða“) sem hefur það verkefni að stilla saman strengi, vinna að og fylgja eftir þeim verkefnum í úrgangsmálum sem varða öll sveitarfélögin á Vestfjörðum.“

Vinna hópsins verður samræmd af hringrásarfulltrúa Vestfjarðastofu sbr. Aðgerð 2 í fyrrnefndri aðgerðaáætlun og fjárhagsáætlun Fjórðungssambands Vestfirðinga fyrir árið 2025, sem samþykkt var á 69. Fjórðungspingi Vestfirðinga að hausti, um 5 mkr framlag aðildarsveitarfélaga sambandsins^{1, 2}

Með vísan til framangreinds þá samþykkti stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga á fundi 18. desember 2024 að óska eftir tilnefningu Vesturbyggðar um tilnefningu eins fulltrúa í Úrgangsráð Vestfjarða og annan til vara. Stjórn Fjórðungssambands bókaði einnig í tilefni þessara beiðni til sveitarfélaga

Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga vekur athygli að úrgangsráðið er vinnuhópur og hefur ekki umboð til að taka bindandi ákvarðanir fyrir sveitarfélögin eða samstarf þeirra. Því vill stjórn Fjórðungssambandsins beina því til sveitarfélaga að í hópinn veljist fulltrúar sem treysta má að geti fylgt málum eftir í sínu sveitarfélagi og hafi umboð til að tala máli sveitarfélagsins í úrgangsmálum innan Úrgangsráðs Vestfjarða.

Þegar öll sveitarfélög hafa tilnefnt fulltrúa í Úrgangsráðið, mun verkefnastjóri Vestfjarðastofu boða til fyrsta fundar ráðsins.

Aðalsteinn Óskarsson, sviðsstjóri

Hjörleifur Finnsson verkefnastjóri Vestfjarðastofu

¹ <https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjorungsting/69thing/haust/thingskjal-49-d-fjarhagsaaetlun-fv-2025-greinargerd-og-vidauki.pdf>

² <https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjorungsting/69thing/haust/thingskjal-49-b-arstillag-2025.pdf>